



VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (*)



1. STARFSHEITI - HEITI STARFSGREINAR EDA NÁMSBRAUTAR

Rafeindavirki – rafeindavirkjun

2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS

Electronic technician

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

Handhafi

- annast uppsetningu, stillingar, viðhald og viðgerðir á rafeindatækjum í samræmi við gildandi reglugerðir og staðla
- getur hannað og teiknað, hermt, smíðað og forritað stýritölvur og iðnstýringar, einfaldar rafeindarásir og rafeindarásir sem tengja saman skynjara, örtölvur, mótorá og önnur tæki
- getur lesið og teiknað rafeinda- og fjarskiptalagnateikningar vegna uppsetningar, bilanaleitar og viðhalds rafbúnaðar og getur útskýrt virkni búnaðarinnar út frá teikningunum. Getur magntekið og unnið verkáætlanir út frá þeim
- þekkir helstu aðferðir til útsendinga og móttöku á fjarskiptamerkjum bæði í leiðslum og lofti og getur séð um hönnun og uppsetningu fjarskiptakerfis í samræmi við gildandi reglugerðir og staðla
- hefur haldgóða tölvuþekkingu á vélbúnaði, hugbúnaði og netbúnaði
- getur notað viðeigandi mælitæki við störf sín og framkvæmt bilanaleit og viðgerðir í rafeindabúnaði og lögnum
- tryggir öryggi og viðhefur viðeigandi varnaðarráðstafanir í rafiðnaði og þekkir tengsl við stofnanir vegna eftirlits- og öryggismála
- sýnir fagmennsku og ábyrgð og getur metið eigin verk. Getur greint hvaða aðferðir eiga við hverju sinni og rökstutt val sitt
- fylgir gæðakröfum og er fær um að leiðbeina öðrum, s.s. iðnnemum og neytendum um fagleg verkefni
- þekkir skipulag og uppbyggingu fyrirtækja og stofnana rafiðnaðarmanna og gerir sér grein fyrir hlutverki þeirra.

4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Rafeindavirkjar annast uppsetningu, viðhald og viðgerðir boðskiptakerfa og rafeindatækja, notenda- og tölvubúnaðar heimila, fyrirtækja og stofnana sem og rafeindabúnaðar farartækja í lofti, láði og legi.

Rétt til starfa í rafeindavirkjun eiga þeir sem leyst hafa til sín sveinsbréf í rafeindavirkjun sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra gefur út.

(*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfum, sjálfboðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fast hjá: www.cedefop.eu.int/transparency

© Evrópusambandið 2002

5. LÖGFORMLEG ATRIÐI

Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið Framhaldsskóli á Íslandi sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem mennta- og menningarmálaráðherra gefur út.	Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega) Framhaldsskólastig Isced 3 Íslenski hæfniramminn (ISQF) 3. þrep – EQF 4. þrep	Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf 1-10 Lágmarkseinkunn 5.
Dæmi um áframhaldandi nám Nám til iðnmeistaraprófs, viðbótarnám til stúdentsprófs eða tækninám	Alþjóðlegir samningar
Lagalegur grunnur Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008, reglugerð um sveinspróf nr. 698/2009. Iðnaðarlög nr. 42/1978, reglugerð um löggiltar iðngreinar nr. 940/1999.	

6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

Meðalnámstími er fjögur ár og á þeim tíma er námi og kennslu hagað sem hér segir: nám í skóla sjö annir, samtals 126 vikur að próftíma meðtöldum. Vinnustaðanám er samtals 24 vikur. Námi lýkur með sveinsprófi.

Inngönguskilyrði

Grunnskólapróf

Viðbótarupplýsingar

Frekari upplýsingar er að finna á:

www.menntamalaraduneyti.is

Upplýsingamiðstöð í landinu

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, www.menntamalaraduneyti.is